44 hæfilega miklum kostnaði, eða jafnvel vera óráðlegt at öðrum ástæðum að láta
16. apr. dómkvadda menn meta hina eyddu muni, þá mun lýsing og vottorð hjeraðslæknis eða sótthreinsunarmanns á munununum látið gilda, nema það sje í sjálfu sjer tortryggilegt.

Kostnaður við sótthreinsanir greiðast þannig: Endurgjald fyrir sótthreinsunarmeðul greiðast ávallt af landssjóði, annar sótthreinsunarkostnaður greiðist fyrir hvert ár úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, svo framarlega sem þessir sjóðir eigi áður á sama árinu hafa varið 100 kr. til sóttvarna; að öðrum kosti greiðist þessi kostnaður úr landsjóði.

Þetta er yður, herra landlæknir, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hjeraðslæknum landsins.

45 **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi* **um lántökuleyfi handa Kálfafellsprestakalli.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra
26. apr. biskup, í brjefi, dagsettu 21. þ. m., og beiðni hlutaðeiganda, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Kálfafellsstað, síra Pjetur Jónsson, taki allt að 1600 kr. embættislán uppá prestakallið til þess að standast kostnað við bygging íbúðarhúss þess úr timbri 15×7 áln, með áföstum timburskúr um 5×2½ áln. og 15×4½ áln. sem hann hefir látið gjöra á prestsetrinu. Það er skilyrði fyrir lántökuleyfi þessu, að hið umgetna íbúðarhús ásamt skúr, er jafnan skal halda vátrygðu gegn eldsvoða fyrir 2600 kr. að minnsta kosti, verði eign prestakallsins, og skal presturinn eða bú hans á sínum tíma tíma skila því af sjer í gildu standi eða með fullu álagi.

Aptur á móti falla þá niður öll jarðarhús á prestssetrinu að undanteknum: eldhúsi, smiðju og fjárhúsum. Enn er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að lánið endurborgist með jöfnum afborgunum á 25 árum samfleytt frá lántökudegi að telja og að lánið sje fengið með svo vægum vaxtakjörum, sem unnt er.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir beiðandanum.

46 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur-*
30. apr. *amtinu* **um sveitfesti þurfalings.** — Með brjefi yðar, dagsettu 8. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, látið uppi umsögn yðar um áfrýjun hreppsnefndarinnar í Áshreppi í Húnavatnssýslu á úrskurði yðar, dagsettum 9. septbr. f. á., um ágreining milli nefndrar hreppsnefndar og hreppsnefndarinnar í Vindhælishreppi um sveitfesti Frímanns nokkurs Guðjónssonar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg í öllum aðalatriðum verð að fallast á ástæður þær, er úrskurður yðar er byggður á, skal hann standa óraskaður.